

Vegagerðin, Vestursvæði
Borgarbraut 66
310 Borgarnes

Reykjavík, 1. nóvember 2019
UST201901-247/F.T.
08.06.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 31. júlí sl. þar sem stofnunin óskaði eftir úrbótáaætlun vegna frávika sem skráð voru í eftirliti þann 7. maí 2019. Úrbótaáætlun rekstraraðila hefur nú borist stofnuninni.

Frávikan eru eftirfarandi:

1. Gr. 2.2 í starfsleyfi. Undanþága umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá ákvæði 2.2 í starfsleyfi varðandi frágang á áfyllingarplani fyrir bíla sem koma að biktanki rann út 1. janúar sl. Ekki hefur verið sótt um breytingu á starfsleyfi líkt og skilyrði undanþágunnar kváðu á um. **Rekstraraðila hefur nú sótt um breytingu á starfsleyfi til stofnunarinnar varðandi áfyllingarplan.**
2. Gr. 3.1 í starfsleyfi. Skráningum í rekstrarhandbók var ábótavant. Ekki voru skráningar á eftirliti, viðhaldi og bilunum á mengunarvarnabúnaði og ekki voru upplýsingar um þjálfun starfsmanna ofl. **Skv. upplýsingum frá rekstraraðila hefur rekstrarhandbók verið tekin í gagnið þar sem öll frávik og aðgerðir eru skráðar.**
3. Gr. 3.3. í starfsleyfi. Malbikunarframkvæmdir á Mávagarði hafa aukið yfirborð þess svæðis sem olíuskiljan þjónar svo hætta er á að olíuskiljan anni ekki frárennsli sem getur orðið í mikilli úrkomu. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að gögn frá Ísafjarðarbæ hafi verið skoðuð varðandi nýtt frárennsliskerfi. Niðurstöðan sé að álag hafi minnkað þar sem fjöldi niðurfalla sé kominn á afrennsli svæðisins sem tengt sé fráveitukerfi bæjarins. Áður hafi umrætt niðurfall á áfyllingarplani verið það eina sem tók við öllu yfirborðsvatni sem ekki síðist niður ef jarðvegur var frosinn.**
4. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Ekki lágu fyrir skráningar um eftirlit með virkni olíuskilju en slika yfirferð ber að framkvæma á a.m.k. 6 mánaða fresti skv. ákvæðum starfsleyfisins. Umhverfisstofnun óskar í því samhengi eftir mælingum á fráveituvatni frá olíuskiljum í samræmi við ákvæði í grein 3.2 í starfsleyfi. **Skv. rekstraraðila verður fráveituvatn olíugildru mælt árlega og skráðar niðurstöður í rekstrarhandbók. Næsta mæling er áætluð í vikunni.**
5. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Stærð þróar kringum bikgeymi er ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfisins, þar sem að hún takmarkast við hæð mannopá við olíuskiljuna. Hækka þarf mannopin eða grípa til annarra aðgerða til að tryggja að ef bik lekur út um geyminn flæði það ekki ofan í fráveitu í gegnum olíuskiljuna eða út fyrir þrónnan. **Samkvæmt úrbótaætlun rekstraraðila hafa mannop verið hækkuð**

**samkvæmt athugasemdum stofnunarinnar. Beðið sé verktaka við hvað lokun
þróar varðar og eru áætluð verklok á næstu dögum.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna
verða tekna út í næsta eftirliti.**


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun
Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasiðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Halla Einarsson
Halla Einarsdóttir
sérfræðingur



Frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða